

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



<b>Dags eftirlits</b>	15.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Íslenska Kalkþörungafélagið	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hafnargata 4, Bíldudal	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	680601-2670	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stig Randal	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	288910,327 584086,181

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársiins. Fimm ný frávik voru staðfest í eftirlitinu og fjórar ábendingar gerðar við starfsemina.

Unnið er að úrbótum vegna eldra fráviks varðandi styrk ryks í útblæstri. Umhverfisstofnun óskaði eftir uppfærðri úrbótaáætlun með bréfi 30. nóvember sl. þar sem að úrbótaáætlun frá 8. mars sl. var ekki fullnægjandi. Í bréfinu var rekstraraðila veittur frestur til 13. desember sl. en rekstraraðili hefur óskað eftir framlengdum fresti til lok janúar að senda inn uppfærða úrbótaáætlun.

### UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Staða úrbóta vegna útstandandi frávíka
2. Skráningar skv. grein 4.1
3. Umhverfisstjórnunarkerfi og umhverfismarkmið
4. Skoðunarferð um verksmiðjuna.

1. Byrjað var á að fara yfir stöðu úrbóta vegna útstandandi frávíka. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun 22. mars sl. og jafnframt var farið yfir áætlanir rekstraraðila um úrbætur í fyrra eftirliti ársins.

Mælingar í útblæstri voru framkvæmdar í júlí sl. en skv. mæliáætlun á að mæla tvisvar sinnum á ári í útblæstri. Erfiðlega hefur gengið að ná seinni mælingu ársins m.a. vegna veðurs, en rekstraraðili er með samning við mælingaaðila. Verksmiðjan verður ekki meira starfrækt það sem eftirlifir árs og því útséð að mæling í útblæstri náist á árinu. Til að lágmarka rykmýndun er hráefni þvegið við innmötun. Vonir standa til að þvotturinn nái að draga úr ryki í útblæstri en þær úrbætur er í prufukeyslu. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er ferillinn í þróun. Eftirlitsaðili telur mikilvægt að rekstraraðili haldi vel utan um skráningar á verklaginu til að sýna fram á að verklaginu væri viðhaldið. Unnið er að endurbótum á afsogskerfi í vinnslurými. Áætlað var að uppsetningu hreinsibúnaðarins og tengingu lagna yrði lokið í lok árs 2018 en í tölvupósti sem sendur var Umhverfisstofnun 19. desember sl. kom fram að framkvæmdirnar myndu tefjast fram til lok janúar 2019. Eftirlitsaðili óskaði eftir teikningum af helstu ryk uppsprettum og tengingar við afsogsbúnað, teikningum af afsogslögnum ásamt hönnunarupplýsingum um afkastagetu hreinsivirkis. Skýli yfir setlón sem nefnt var í úrbótaáætlun dags. 22. mars sl. eru á hönnunarstigi. Þrif hafa verið aukin í verksmiðjunni til að minnka rykmengun og bæta vinnuskilyrði á vinnustaðnum. Verklagsreglur til starfsmanna um þrifin voru lögð fram í eftirlitinu.

2. Í starfsleyfi er krafa um að rekstraraðili starfi skv. umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili vinnur skv. gæðakerfi á grunni FEMAS, GMP+B og Tún en vinnur að uppsetningu nýs gæðakerfis. Skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði er skráðar handvirkir í möppur á starfsstöðvum. Bæta þarf skráningar á mengunaróhöppum og kvörtunum en rekstraraðili hefur lagt áherslu á að tilkynna um slík atvik til Umhverfisstofnunar. Engar olíuskiljur er á lóð rekstraraðila og því ekki gerðar mælingar eða skráningar á viðhaldi olíugildra. Farið var yfir skráningar á úrgangi, en Gámaþjónusta Vesturlands tekur við öllum úrgangi sem fellur til frá verksmiðjunni, fyrir utan brotamálma sem eru fluttir beint með skipi til endurvinnslu. Unnið er að því að hreinsa til brotamálma af verksmiðjulóðinni en rekstraraðili áætlað að um 50 tonn af brotamálmum sé á lóðinni og takast muni að hreinsa til af lóðinni fyrir lok árs. Lítið af spilliefnum fellur til í verksmiðjunni, en tæki eru þjónustuð af verktaka innan lóðar. Eini mælibúnaðurinn sem er kvarðaður af rekstraraðila eru vigtar á staðnum. Hávaðamælingar eru framkvæmdar tvisvar á dag. Minnt var á að framkvæma skal mælingar á setmyndun þriðja hvert ár skv. grein 4.2 í starfsleyfi. Þær fóru síðast fram í maí 2018 en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir.

3. Eins og fram kemur í 2. tölulið hér að framan er unnið að uppsetningu rafræns gæða- og skráningakerfis. Gæðastjóri sem sér um að hanna og koma kerfinu í gagníð var ekki viðstaddur eftirlitið og tengiliður hafði takmarkaða þekkingu á stöðu innleiðingarinnar. Minnt er á að umhverfisstjórnunarkerfi sem kveðið er á um í starfsleyfi þarf að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í grein 2.5 í starfsleyfinu. Bæklingur um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

4. Í skoðunarferðinni var gengið um vinnslusalinn og um verksmiðjulóðina. Nokkur rykmengun var í vinnslurými, en þar standa framkvæmdir við hreinsibúnað yfir, sjá umfjöllun í 1. tölulið. Á verksmiðjulóðinni var talsvert magn af úrgangi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi sem skal fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal ryk frá dreifðum uppsprettum, þ.m.t. uppskipun og flutning hráefna.
Grein 3.3 í starfsleyfi	Eldsneyti skal geymt í geymum með árekstravörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Í eftirlitinu var staðfest að olíugeymar voru á lóðinni án fullnægjandi árekstravarna.
Grein 4.2 í starfsleyfi	Mæla skal ryk í reykháfum tvisvar sinnum á ári meðan verksmiðjan er í rekstri, þ.e. fyrir 1.maí og 1. okt ár hvert. Fyrri mæling ársins var framkvæmd í júlí og ekki náðist önnur mæling á árinu. Rekstraraðili hefur staðfest að samskipti hafa verið við mælingaraðila um framkvæmd mælinganna en fresta hefur þurft mælingum vegna veðurs ofl. Mæling fór fram í janúar 2019 þar sem að ryk mældist undir skilgreindum starfleyfismörkum.
Grein 3.3	Frágangur á lóð skal vera snyrtilegur en mikið magn af byggingarúrgangi, brotajárni, tómum bömbum og öðrum úrgangi var á lóðinni. Í eftirlitinu kom fram að unnið er að tiltekt lóðarinnar, svo sem að senda brotajárn í endurvinnslu ofl.
Grein	Mælingar á ryki í reykháf sem framkvæmdar voru 12. júlí sl. mældust yfir starfsleyfismörkum. Ráðist var í úrbætur á kjölfarið en árangur úrbóta hefur ekki verið staðfest með mælingu. Rekstraraðili hefur upplýst Umhverfisstofnun um seinkun á fyrirhuguðum mælingum m.a. vegna veðurs ofl.

#### ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun hefur borist kvartanir vegna hávaða sem er lýst er sem stöðugur niður. Rekstraraðili gerir mjög reglulega hávaðamælingar frá verksmiðjunni (Tvisvar sinnum á dag þegar verksmiðjan er í rekstri) sem sýna að hávaði við leikskóla (næstu íbúabyggð) er nálægt reglugerðarmörkum fyrir íbúabyggð að næturlagi. Rekstraraðili telur að hugsanlega stafi aukinn hávaði af annarri starfsemi á svæðinu.

Rekstraraðili hefur leyfi frá Umhverfisstofnun til varps á finefnum í hafið. Umhverfisstofnun óskar eftir að tilkynnt sé um upphaf framkvæmdar áður en til hennar kemur.

Tímabundin rykmengun vegna bilunar á búnaði við þvött hráefna var tilkynnt til Umhverfisstofnunar í tölvupósti 9. október sl. Brugðist var með fullnægjandi hætti við atvikinu.

Mælingar á setmyndun voru framkvæmdar í maí 2018 en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir.

#### ANNAÐ

Umhverfisstofnun vinnur að kerfisbundnu áhættumati til að ákveða tíðni eftirlitsferða í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í áhættumatinu verður tíðni eftirlitsferða ákveðin út frá m.a. árangri í losun m.v. starfsleyfismörk, nágrenni og tegund viðtaka, fjölda frávíka, kvartana og mengunaróhappa og hvort vottað umhverfisstjórnunarkerfi sé til staðar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.02.2019

  
Halla Einarsson



